



Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 27. febrúar 2019

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisstefnu til ársins 2030. Þingskjal 835 – 509. mál.

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri

## **Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisstefnu til ársins 2030.**

Barnaheill hafa fengið ofangreint mál til umsagnar og þakka fyrir það.

Samtökin fagna fram kominni heilbrigðisstefnu til ársins 2030. Langtímahugsun í jafn mikilvægum málaflokki er nauðsynleg svo hægt sé að byggja til framtíðar.

Barnaheill lýsa yfir ánægju með framtíðarsýn stefnunnar og sérstaklega áherslu hennar á að heilsuefning og forvarnir verði hluti af allri þjónustu. Jafnframt fagna samtökin áherslunni á jafnræði og jafnan aðgang allra að bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á, á réttu þjónustustigi. Mikilvægt er að tryggja öllum aðgang að bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu án mismununar.

Gott aðgengi að góðri og gjaldfrjálstri heildrænni heilbrigðisþjónustu er eitt helsta jöfnunartæki fyrir barnafjölskyldur á Íslandi. Því leggja Barnaheill til að það komi skýrt fram að öll heilbrigðisþjónusta fyrir börn sé gjaldfrjáls, heilsugæsla og sérfræðiþjónusta sem vísað er til af heilsugæslu.

Gagnrýna má að ekki er að finna sérstaka umfjöllun um börn og fjölskyldur þeirra í þessari stefnu. Sérstök ástæða væri t.a.m. til að fjalla um bættu geðheilbrigðisþjónustu við börn sem sætt hefur mikilli gagnrýni á undanförunum árum á meðan þörfin hefur aukist mikið, með vaxandi kvíða og vanlíðan í hópi barna og ungmenna. Barnaheill minna sérstaklega á harðorða gagnrýni í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2016 sem mikilvægt er að fylgja eftir. <https://rikisendurskodun.is/wp-content/uploads/2016/02/SU-Gedheil-born-unglinga.pdf>.

Hlúð skal vel að börnum og fjárfesting í forvörnum fyrir börn er fjárfesting til framtíðar, fyrir samfélagið í heild. Samkvæmt Barnasáttmálanum skal taka allar ákvarðanir með það sem barni er fyrir bestu að leiðarljósi en sú regla leiðir til þess að gera verður grein fyrir mati á áhrifum á börn í víðum skilningi. Barnaheill sakna þess að sjá mat á áhrifum þessarar heilbrigðisstefnu á börn.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi.